

# Héraðsdómur Norðurlands eystra.

Dómur 20. september 2019

Mál nr. S-68/2018:

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

(*Eyþór Þorbergsson fulltrúi*)

(*Ásgeir Örn Blöndal lögmaður og réttargæslumaður*)

**gegn**

**X**

(*Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður*)

Mál þetta, sem dómtekið var 30. júlí sl., höfðaði lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra með ákæru, útgefni 2. maí 2018, á hendur X;

„fyrir líkamsárás og ærumeiðingar, með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 1. ágúst 2016, ráðist að fyrirverandi sambýliskonu sinni og barnsmóður á heimili hans að [...] og ýtt við henni, rífið föt hennar, hrint henni í gólfið, rífið í hár hennar, slegið hana með flötum lófa í bak og andlit, klipið í kinnar hennar og snúið upp á og rífið í hár hennar og haldið andliti hennar niðri í rúmdýnu, en með atferli þessu smánaði ákærði fyrirverandi maka sinn auk þess sem hann kallaði hana veika og ógeðslega og sagði hana einskis virði, en þessu lauk þegar brotaþoli flúði fáklædd út af heimilinu til náganna. Afleiðingar þessa fyrir brotaþola voru þær að hún hlaut yfirborðsmar á andliti, enni, hægri kinn og yfir vinstri kjálka, bólgu og verki í vinstra kjálkalið, eymsli á hálsi, mar yfir öxlum, mar á brjóstakassa vinstra megin og eymsli yfir rifjum 4,5,6 og 7 í miðholhandar línu. Hún hlaut einnig mar á mjöðm og rassi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. og 233. b. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Í málinu gerir [A] bótakröfu á hendur ákærða að fjárhæð kr. 1.500.000-, með vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38, 2001, um vexti og verðtryggingu frá 1. ágúst 2016 til 9. desember 2016, en síðan dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess er krafist þóknunar vegna réttargæslu úr hendi sakbornings, samkvæmt mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti.“

Ákærði neitar sök. Skipaður verjandi, Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður, krefst fyrir hönd ákærða sýknu af öllum kröfum ákæruvalds. Er einkum á því byggt að aðilar séu einir til frásagnar um atvik máls og að alveg sé ósannað að ákærði hafi kýlt og rifið í brotapolu eða rifið í hár hennar eða talað niðrandi til hennar. Þvert á móti er til þess vísað að aðilar hafi tekist á og að þeir hafi báðir verið með áverkamerki. Þá er þess krafist að einkaréttarkröfu verði hafnað ellegar að hún verði stórlega lækkuð. Loks krefst verjandinn þess að allur sakarkostnaður, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun hans, verði greiddur úr ríkissjóði.

## I.

Málsmeðferð og helstu málsatvik.

1. Samkvæmt staðfestri frumskýrslu B, fyrrverandi lögreglumanns, sem dagsett er 2. ágúst 2016, kom brotapolinn A á lögreglustöðina á Akureyri að morgni mánudagsins 1. ágúst 2016, kl. 6:00. Brotapoli, sem var í fylgd vitnisins C, kom þeirra erinda aðallega að tilkynna að hún hefði orðið fyrir líkamsárás og hótunum af hálfu fyrrverandi sambýlismanns síns, ákærða í máli þessu, X.

Í nefndri lögregluskýrslu segir m.a. frá því að brotapoli hafi verið með sýnilegan roða og lítils háttar bólgu á vinstra kinnbeini og roða og marblett á vinstri olnboga. Í skýrslunni er skráð stuttlega frásögn brotapola, þ. á m. að hún hafi þá um nóttina, um kl. 3:00, farið að beiðni ákærða á heimili hans, ..., og þá til þess að eiga orðastað við hann um skilnað þeirra, þ. á m. varðandi nefnda húseign, en einnig um umgengni við fjögurra ára dóttur þeirra. Hafi þetta í fyrstu gengið eftir eða þar til ákærði hafi byrjað að hóta henni líkamsmeiðingum, jafnframt því sem hann hefði skipað henni að afklæðast. Hafi hún hlýtt þeirri skipan enda hafi hún óttast ákærða vegna fyrri ofbeldishegðunar hans. Haft er eftir brotapola að er hún hafi neitað að stunda kynlíf með ákærða hafi hann reiðst og í framhaldi af því gengið í skrokk á henni, og þá m.a. með því að taka hana hálstaki, en einnig með því að ráðast gegn henni með höggum og spörkum á líkama og höfuð. Hún hafi náð að verjast, þ. á m. með því að klóra ákærða, en í framhaldi af því hafi henni tekist að flýja út af heimilinu og síðan frá því með því að taka bíllykla og aka á brott í bifreið ákærða. Vegna þessa hafi hún þurft að skilja fatnað sinn og síma eftir á heimili ákærða, en atvik máls hafi gerst á milli kl. 3:30 og 4:00 þá um nóttina.

Fram kemur í lögregluskýrslunni að brotapoli hafi farið af lögreglustöðinni eftir skamma viðveru, en henni hafi verið ráðlagt að fara á slysadeild Sjúkrahússins á Akureyri (SAK), og þá til skoðunar og aðhlyningar.

2. Í málinu liggur ekki fyrir samtíma vottorð um komu brotapola á bráðamóttöku SAK umræddan morgun, en við flutning málsins kom fram hjá fulltrúa ákæruvalds að þrátt fyrir eftirgangsmuni hafi ekki tekist að afla slíkra gagna. Þess í stað hafi við

rannsókn lögreglu verið aflað vottorðs, dagsetts 12. ágúst 2016, um áverka brotaþola, sem skráð hafi verið af D skurðlækni þann 3. sama mánaðar.

Í umræddu læknisvottorði er m.a. skráð að við komu á sjúkrahúsið, að því er virðist að morgni 1. ágúst nefnt ár, hafi brotaþoli gefið skýra og góða frásögn, en tekið er fram að hún hafi þá ekki verið ölvuð. Greint er frá því að brotaþoli hafi kvartað um slæman höfuðverk, auk þess sem hún hafi lýst verkjum um allan líkamann.

Í bráðamóttökuskra slysadeildar SAK, dagsettri 3. ágúst nefnt ár, sem aflað var undir rekstri málsins fyrir dómi, sbr. dskj. nr. 14, segir að brotaþoli hafi verið „hér fyrir helgi.“ Er þar rakin frásögn brotaþola og lýst áverkum hennar með sambærilegum hætti og greint var frá í hinu fyrrnefnda vottorði, eins og síðar verður nánar rakið.

Samkvæmt framburðarskýrslum brotaþola var hún lögð inn á skurðlækningadeild SAK, sem áður mun hafa gengið undir nafninu handlækningadeild, að morgni 1. ágúst 2016.

Óumdeilt er að brotaþoli hefur um árabíl starfað sem hjúkrunarfræðingur á geðdeild nefndrar sjúkrastofnunar. Af frásögn brotaþola verður helst ráðið að hún hafi aðeins dvalið skamman tíma á sjúkrahúsinu, en þá farið af sjálfsdáðum til síns heima. Eins og áður sagði leitaði brotaþoli aðstoðar á sjúkrahúsinu miðvikudaginn 3. ágúst nefnt ár, en þá var hún skoðuð af sérfræðingi í háls-, nef- og eyrnalækningum.

3. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu kom brotaþoli á ný á lögreglustöðina á Akureyri fimmtudaginn 4. ágúst nefnt ár. Við það tækifæri var tekin af henni formleg framburðarskýrsla um ætluð atvik þessa máls, en einnig um allan aðdragandann. Viðstaddur skýrslutökuna var tilnefndur réttargæslumaður brotaþola, en hann var síðar skipaður til starfans. Skýrsla þessi var tekin upp í hljóði og mynd og eru viðeigandi gögn þar um á meðal málsagna, en hið sama gildir um aðrar framburðarskýrslur í málinu.

Í framburðarskýrslu brotaþola hjá lögreglu greinir hún m.a. frá því að teknar hafi verið ljósmyndir af áverkum hennar á bráðamóttöku/slysadeild SAK að morgni 1. ágúst. Jafnframt greinir hún frá því að hún hafi í fórum sínum eldri ljósmyndir af eigin áverkum og þá vegna fyrri ofbeldisverka ákærða gegn henni, annars vegar frá árinu 2014 og hins vegar frá því í byrjun júlí 2016, sem þó hafi ekki verið eins harkaleg og þau sem hann hefði viðhaft umrædda nótt. Brotaþoli upplýsti að hún hefði ekki kært hin eldri brot ákærða, en að auki kvaðst hún hafa eytt sms-skilaboðum þar sem ákærði hefði haft í hótunum við hana, en einnig þeim skilaboðum sem farið hefðu þeirra í milli aðfaranótt 1. ágúst 2016.

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu var brotaþoli yfirheyrð um málsatvik á ný sunnudaginn 7. ágúst 2016. Við yfirheyrsluna lagði brotaþoli fram ljósmyndir, sem hún kvaðst hafa tekið af þeim áverkum, sem hún hafði hlotið vegna ofbeldisverka ákærða aðfaranótt 1. ágúst. Myndir þessar hafi hún tekið eftir að hún útskrifaðist af sjúkrahúsinu

nefndan dag. Við yfirheyrsluna skýrði brotþoli nánar frá ætluðum ofbeldisverkum ákærða frá því í byrjun júlí nefnt ár, en einnig lýsti hún svipuðum tilvikum, sem hún staðhæfði að hefðu gerst annars vegar 14. maí og hins vegar 15. júní 2015. Þessu til viðbótar staðhæfði brotþoli að allan þann tíma sem hún var í sambúðinni með ákærða hefði hún þurft að þola andlegt ofbeldi af hans hálfu. Hefði helst verið um að ræða niðrandi orðbragð og staðhæfði hún að sér í lagi hefði borið á slíkri hegðan ákærða eftir að þau slitu samvistum um mánaðamótin febrúar/mars 2016. Brotþoli greindi einnig frá því, að þrátt fyrir þessa hegðan ákærða hefði hún verið í talsvert miklum samskiptum við hann eftir slitin og bar að þau hefðu þá m.a. stundað kynlíf saman.

4. Ákærði var yfirheyrður af lögreglu þriðjudaginn 4. október 2016, að viðstöddum tilnefndum verjanda sínum. Ákærði neitaði kærufni þessa máls, en vísaði að auki til alls aðdraganda þeirra samskipta sem urðu með honum og brotþola aðfaranótt 1. ágúst 2016. Við yfirheyrsluna lýsti ákærði að nokkru sambúð sinni með brotþola, en einnig greindi hann frá samskiptum þeirra eftir sambúðarslitin. Ákærði andmælti fyrrnefndum staðhæfingum brotþola um ofbeldishegðan og bar að því hefði í raun verið öfugt farið og þá ekki síst á þeim tíma sem sambúð þeirra varði á árunum 2011 til 2016. Þá staðhæfði hann að brotþoli hefði eytt eldri ljósmyndum úr síma hans, og bar að þær hefðu m.a. sýnt ummerki um óhemjuskap hennar.

Við nefnda yfirheyrslu lýsti ákærði sérstaklega samskiptum sínum við brotþola sunnudaginn 31. júlí 2016. Staðhæfði hann m.a. að þann dag hefðu þau sammælt um að hún myndi koma á heimili hans eftir eigin næturskemmtan aðfaranótt 1. ágúst. Sagði hann að þetta hefði síðan gengið eftir, en þó hefði brotþoli ekki komið fyrr en klukkan 4:10. Hann staðhæfði að mjög fljótlega eftir komu brotþola hefði komið til orðahnippinga með þeim, auk þess sem brotþoli hefði þá strax brugðist við með barsmíð. Í framhaldi af því hafi komið til gagnkvæmra átaka og ýfinga með þeim og hafi hann þá orðið fyrir áverkum. Ákærði staðhæfði jafnframt að brotþoli hefði þessa nótt viðhaft svigurmæli í hans garð og bar að hann hefði þá eftir atvikum svarað í sömu mynt.

Við lögregluyfirheyrslu skýrði ákærði jafnframt frá því að vegna þeirra áverka sem hann hefði hlotið af völdum brotþola hefði hann leitað sér lækniástoðar. Máli sínu til stuðnings vísaði ákærði einnig til ljósmynda, sem hann kvaðst hafa tekið af áverkum sínum. Þá lagði hann fram ljósmynd af veggljósi í hjónaherbergi, sem hann kvað brotþola hafa brotið niður umrædda nótt. Loks skýrði ákærði frá því að vegna þessa atburðar hefði hann leitað eftir aðstoð sálfræðings.

Að því er varðaði áverka brotþola vísaði ákærði til þess að hún hefði átt vanda til að fá marbletti á líkama sinn og þá af tilefnislausu og bar að í því ljósi yrði að skoða þær myndir sem hún hefði lagt fram.

5. Samkvæmt gögnum aflaði lögreglan við rannsókn málsins þeirra ljósmynda, sem brotþoli og ákærði höfðu vísað til, þ. á m. frá bráðamóttöku/slysadeild SAK. Að auki var af hálfu lögreglu aflað viðeigandi læknisfræðilegra og sálfræðilegra gagna.

6. Brotþoli var að lokum yfirheyrð af rannsóknaraðilum þann 26. október nefnt ár. Við yfirheyrsluna skýrði brotþoli m.a. frá því að á árinu 2014 hefði hún leitað sér læknisaðstoðar vegna marbletta sem hún hefði fengið á fætur að tilefnislausu. Staðhæfði hún að slík merki hefðu ekki komið á líkama hennar eftir þennan tíma. Þá staðhæfði hún að þær ljósmyndir sem ákærði hefði lagt fram af henni, þ. á m. frá því í september 2016, sýndu í raun ekki slík merki, þar væri um að ræða húðútbrot, en einnig fæðingarbletti.

Við nefnda lögreglu yfirheyrslu staðhæfði brotþoli að þeir áverkar, sem sjá mætti á ákærða á þeim ljósmyndum sem hann hafði lagt fram við rannsókn málsins, hefðu komið til þegar hún varðist ofbeldi hans umrædda nótt. Við yfirheyrsluna andmælti brotþoli frásögn ákærða um að það hefði verið hún sem átti upptökin að þeim líkamlegu átökum sem urðu með þeim í greint sinn og áréttaði að því hefði verið öfugt farið. Og aðspurð af rannsakara hvort hún hefði brotið vegg ljós í svefnherbergi ákærða í greint sinn svaraði brotþoli: „Mér finnst það varla svaravert miðað við það hann gerði sko.“ Vísaði hún til þess að í minningu hennar hefði ákærði haft yfirhöndina allan tímann, en sagði nánar þar um: „En ég ætla ekki að segja hver hafi orðið upptökin, við áttum ... hver átti upptökin varðandi það að við forum að rífast, það getur vel verið að ég hafi átt hlut í því, ég ætla ekkert að afsanna það, en ég sló manninn ekki að fyrra bragði ... hann þvingar mig ekki inn á heimilið þessa nótt, að sjálfsögðu kom ég sjálfviljug.“

Brotþoli staðfesti við lögreglu yfirheyrsluna þá frásögn ákærða að hún hefði farið í ökuferð með honum sunnudaginn 31. júlí og jafnframt að þá hefðu þau m.a. ekið til nágrannasveitarfélags. Hún sagði að í ökuferðinni hefðu þau hnakkrist. Loks staðhæfði brotþoli að þau sms-skilaboð sem ákærði hafði lagt fram hjá lögreglu við rannsókn málsins segðu í raun ekki nema hálfu söguna.

7. Af gögnum lögreglu verður ráðið að ákærði og brotþoli hafi ræðst við eða átt í netsamskiptum eftir lýst samskipti þeirra aðfaranótt 1. ágúst 2016. Verður helst af þeim ráðið að þeim hafi að einhverju leyti verið kunnugt um þá gagnkvæmu áverka sem þau báru, hvort um sig, eftir nefnd samskipti.

8. Fyrirnefnt vitni, C, var yfirheyrð af lögreglu um málsatvik þann 19. ágúst 2016.

9. Af hálfu réttargæslumanns brotþola var skaðabótakrafa á hendur ákærða lögð fram hjá lögreglu, en hún er dagsett 21. október 2016. Samkvæmt gögnum var krafan kynnt ákærða eigi síðar en 3. nóvember sama ár.

10. Ákæran, ásamt rannsóknargögnum lögreglu, bárust Héraðsdómi Norðurlands eystra 4. maí 2018, en samdægurs var gefið út fyrirskall dómsins til ákærða.

Við þingfestingu málsins, þann 17. maí 2018, neitaði ákærði sakargiftum, en jafnframt hafnaði hann einkaréttarkröfu brotaþola.

Við meðferð málsins fyrir dómi var af hálfu réttargæslumanns brotaþola lagt fram vottorð sálfræðiþjónustu Landspítala, dagsett 15. febrúar 2018, svo og vottorð E sálfræðings, dagsett 29. ágúst sama ár. Þá lagði skipaður verjandi ákærða m.a. fram umsögn F sálfræðings, dagsetta 9. september 2018, svo og skjámyndir af sms-samskiptum ákærða og brotaþola á tímabilinu frá 3. maí til 1. ágúst 2016.

Aðalmeðferð málsins fyrir dómi fór fram 20. september 2018. Ekki var þó lokið dómi á málið.

11. Með bréfi dómstólasýslunnar, dagsettu 21. febrúar sl., var undirrituðum dómara falin meðferð þessa máls, á grundvelli síðastgreindra atvika og 33. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla. Fór aðalmeðferðin fram að nýju 30. júlí sl. og gáfu þá ákærði og brotaþoli skýrslur að nýju, en að auki gáfu skýrslur vitnin C og G. Þá gáfu skýrslur lækarnir D, H og I, svo og sálfræðingarnir F og E. Einnig gáfu skýrslur B, fyrirverandi lögreglumaður, og J rannsóknarlögreglumaður. Nefnd vitni staðfestu vottorð sín, skýrslur og skjalagerð.

## II.

Við meðferð málsins fyrir dómi voru lögð fram gögn um lækni meðferð brotaþola frá árinu 2014, en þeirra hafði verið aflað við lögreglurannsókn málsins. Að auki voru áðurgreind áverka- og sálfræðivottorð brotaþola og ákærða lögð fyrir dóminn.

1. Í samskiptaseðli H heimilislæknis frá 12. ágúst 2014 er lýst fyrrnefndum húðútbrotum brotaþola, en þar um segir:

[„...“]

Í bréfi til rannsóknaraðila, sem dagsett er 28. nóvember 2016, áréttar nefndur læknir að umræddir marblettir hafi komið á líkama brotaþola án skýringa. Þá greinir læknirinn frá því að brotaþoli hafi vikið að þessu atriði í stuttu viðtali þeirra í ágústmánuði nefnt ár.

2. Í fyrrnefndu áverkavottorði D skurðlæknis frá 12. ágúst 2016, sem er í aðalatriðum í samræmi við bráðamóttökuskrá SAK frá 3. sama mánaðar, er greint frá komu brotaþola á sjúkrahúsið. Í stuttri atvikalýsingu segir að tilefni komu brotaþola hafi verið árás á heimili barnsföður hennar og að hann hafi jafnframt þvingað hana til að afklæðast með hótunum. Um áverka brotaþola segir í vottorðinu:

[„...“]

Í fyrrnefndri bráðamóttökuskrá SAK segir í lokaorðum, að brotaþola hafi verið gefin almenn ráð um verkjadeyfingu og bólguhemjandi meðferð, auk þess sem hún hafi verið hvött til æfinga vegna hálsshreyfinga. Tekið er fram að endurmat hafi verið áætlað eftir tvær vikur og hugsanlega meðferð hjá sjúkraþjálfara.

3. Samkvæmt vottorði K sálfræðings, dagsettu 15. febrúar 2018, var brotaþoli lögð inn á sérfræðideild Landspítalans í Fossvogi í lok janúar það ár. Í vottorðinu segir frá því að brotaþoli hafi staðhæft að barnsfaðir hennar og sambýlismaður til fimm ára hafi beitt hana andlegu og líkamlegu ofbeldi, en síðan segir nánar um ástand brotaþola:

[„...“]

Í vottorðinu er vísað til skimunarlista og sálfræðiþrófa, en um það segir:

[„...“]

Í sálfræðivottorði E sálfræðings, dagsettu 29. ágúst 2018, sem ritað var að beiðni skipaðs réttargæslumanns brotaþola, segir að eftir meðferð brotaþola á Landspítala í janúar nefnt ár og þá vegna [...] hafi hún verið í meðferðarviðtölum á vormánuðum sama ár. Segir frá því að í þessum viðtölum, en einnig í símaviðræðum, hafi afleiðingar ætlaðs heimilisofbeldis svo og samsláttur við aðrar geðraskanir verið metnar, og er þar um m.a. vísað til sálfræðiþrófa. Í samantektarkafli vottorðsins segir um þetta nánar:

[„...“]

4. Í áverkavottorði I heimilislæknir, dagsettu 11. október 2016, segir frá því að ákærði hafi leitað á vaktmóttöku Heilsugæslunnar á Akureyri á SAK þriðjudaginn 2. ágúst 2016, kl. 21:08. Um tilefnið og um sýnilega áverka ákærða segir í vottorðinu:

[„...“]

5. Í sálfræðivottorði F sálfræðings, dagsettu 9. september 2018, sem ritað var að beiðni skipaðs verjanda, segir að ákærði hafi leitað eftir sálfræðiaðstoð þann 22. ágúst 2016 vegna andlegrar vanlíðunar. Um tilefnið segir að þar hafi komið til skilnaður ákærða við sambýliskonu sína, slitrótt samband við dóttur og yfirvofandi kera vegna fyrrnefndra samskipta og átaka við sambýliskonuna aðfaranótt 1. ágúst nefnt ár.

Greint er frá því í vottorðinu að ákærði hafi eftir fyrsta viðtalið sótt tvö viðtöl til viðbótar, þann 12. september og 7. nóvember sama ár. Fram kemur að auk klínískra viðtala hafi staðlaðir sjálfsmatskvarðar verið notaðir til að meta einkenni depurðar, kvíða og streitu hjá ákærða. Tekið er fram að engar vísbendingar hafi komið fram um slíkan vanda hans.

III.

Framburður fyrir dómi.

1. Ákærði skýrði frá því að hann hefði verið í miklum samskiptum við brotþola umrædda helgi, þ.e. um mánaðamótin júlí/ágúst 2016. Hafi þar m.a. komið til ökuferð þeirra, en einnig viðvera brotþola á heimili hans ásamt dóttur þeirra, og þá á milli þess sem brotþoli hafi þurft að sinna sérhæfðu starfi sínu. Auk þessa kvaðst ákærði hafa liðsinnt brotþola sunnudaginn 31. júlí, eftir að hún hafði lokið störfum sínum, og þá m.a. með akstri innan bæjar, en einnig með því að útvega henni nokkra áfenga bjóra áður en hún lagði leið sína í hóf áður en hún fór á tónleika í miðbænum, ásamt vinkonum, þá um kvöldið.

2. Fyrir dómi staðfesti ákærði efni framlagðra símagagna og skilaboða og staðhæfði að þau væru efnislega í samræmi við ofanefnd samskipti og þar á meðal þau orð hans áður en leiðir þeirra skildu um stund umrætt sunnudagskvöld, að best færi á því að hún færi varlega í áfengisdrykkjunni, að hún héldi sig innan marka að því leytinu, og þá þannig að hún færi ekki að skríða heim undir morgun, um kl. 4 eða 5, líkt og oft hefði komið fyrir.

3. Ákærði staðhæfði að samkvæmt framansögðu hefði verið um það rætt að brotþoli myndi koma á heimili hans aðfaranótt 1. ágúst að afloknum tónleikum. Hann kvaðst hafa haldið sig heima við þá um kvöldið, en þá m.a. drukkið þrjá áfenga bjóra á tímabilinu frá 21 til 1, en hann hafi á hinn bóginn ekki fundið til áfengisáhrifa þegar hann hafi lagst til hvílu í hjónaherberginu. Er þetta gerðist kvaðst ákærði hafa lesið símaskilaboð frá brotþola þess efnis að tónleikunum hefði seinkað og af þeim sökum kæmist hún ekki alveg strax. Þessu til staðfestu vísaði ákærði til eftirfarandi skilaboða, sem hann sendi til brotþola kl. 1:23, skömmu áður en hann tók á sig náðir: „*Viltu bara láta mig vita eftir tónleik hvað þu ætlar að gera eða hvort þu ert a heimleið svo ég geti hoppað í sturtu, er enn að brasa í hýsinu.*“ – Jafnframt vísaði ákærði til eftirfarandi svarskilaboða brotþola: „*Ja astin min ... þeir byrjuðu svo seint svo þeir eru rétt halnaðir ...*“ Ákærði kvaðst á hinn bóginn hafa verið sofnandi þegar honum bárust svohljóðandi símaskilaboð frá brotþola, kl. 3:12: „*Elsku fallegi minn ... Taktu a móti mer í kynlífi – við björgum öllu.*“

Ákærði staðhæfði að tilefni komu brotþola á heimili hans þessa nótt hefði ekki varðað fjárhagsleg málefni vegna sambúðarslitanna, líkt og brotþoli hefði látið í verði vaka hjá lögreglu. Kvað hann tilefnið þvert á móti hafa verið líkt og svo oft áður er þau hittust við álíka aðstæður eftir slitin, þ.e. að þau hafi ætlað að sofa saman.

4. Ákærði kvaðst hafa vaknað upp í hjónarúminu umrædda nótt við það að brotþoli var að vekja hann og sagði að hún hefði þá setið á rúmstokknum. Vegna þessa kvaðst hann aðeins hafa reist sig við í rúminu og þá séð að klukkan hafi verið rétt 4:15, en af því tilefni hafi hann sagt: „Ertu að koma núna?“

Ákærði áréttaði frásögn sína hjá lögreglu þess efnis að eftir sambúðarslitin fyrr á árinu hefðu hann og brotápoli verið í miklum samskiptum. Þau hefðu m.a. farið saman í ökuferðir, en þá helst utan bæjarmarkanna. Einnig hafi þau farið saman út að borða. Eftir á að hyggja kvaðst ákærði hafa velt fyrir sér þeirri leynd sem brotápoli hafi virst vilja hafa á þessum samskiptum og um síðir hafi hann verið með grunsemdir um að hún hefði á þessu tímabili einnig verið í tygjum við annan karlmann. Ákærði skýrði frá því að hann hefði ekki kært sig um að deila brotáþola með öðrum karlmanni, og andmælti því jafnframt aðspurður að hann hefði verið afbrýðisamur. Hann hefði einfaldlega ekki kært sig um slíka háttsemi af hálfu brotáþola. Ákærði kvaðst því með fyrrnefndri fyrirspurn sinni og í þeirri orðræðu sem varð þar á eftir, eftir að hann vaknaði við komu brotáþola umrædda nótt, ekki hafa verið að ásaka hana um framhjáhald. Hann hafi einungis verið að grennslast fyrir um ferðir hennar og þá hvort hún hefði verið í samskiptum við tiltekinn karlmann, sem hann hefði heyrt ávæning um að hún hefði verið að hitta. Ákærði staðhæfði að við nefndar aðstæður hefði hann og hugleitt að sambandi hans og brotáþola væri í raun endanlega lokið.

Ákærði lýsti viðbrögðum brotáþola vegna nefndra fyrirspurna hans og orða þannig: „Og það fauk í hana strax, og hún slær mig hérna með hægri hendinni vinstra megin í andlitið og fyrsta hugsunin hjá mér var bara að láta hana, biðja hana bara að koma sér út, og ég stend upp og bið hana bara að koma bara, að drífa sig heim.“ Ákærði kvaðst hafa veitt því eftirtekt þegar þetta gerðist að brotápoli hafði afklæðst og að hún hafði sett föt sín á stól í horni herbergisins. Vegna þessa hefði hún á þessari stundu einungis verið íklædd nærfötum.

Ákærði kvaðst er þarna var komið sögu hafa staðið við hliðina á rúminu og hafi hann áréttað beiðnina um að brotápoli færi út úr húsinu. Ákærði staðhæfði að við þessar aðstæður hefði brotápoli „strax byrjað að skíta í mig,“ jafnframt því sem hún hefði komið sér fyrir til fóta í rúminu. Ákærði kvaðst þá hafa brugðið á það ráð að taka föt brotáþola af stólnum, en í framhaldi af því hafi hann beðið hana um að fara í fötin og að koma sér til síns heima. Jafnframt kvaðst hann hafa boðist til að hringja fyrir brotáþola í leigubifreið og að greiða fyrir hana fargjaldið.

Ákærði sagði að eftir lýst samskipti hefði brotápoli staðið á fætur og byrjað að ýta í hann með höndunum og sagði: „Hún keyrir sig alltaf í mig aftur ... og ég tek einhvern tímann um báðar hendurnar á henni og hún sparkar í lærið á mér og kálfann á mér og ég bið hana alltaf um að koma sér heim, og hún skorðaði sig þarna í hurðinni í hjónaherberginu, ... en ég ýti við henni og fer fram og bið hana að koma fram ... og ég set svo fötin hennar á stólinn aftur, mig minnir það.“

Ákærði sagði að á meðan á ofanlýstum atgangi stóð hefði brotápoli öskrað að honum og þá m.a. haft á orði að hann væri ógeðslegur og jafnframt að hann væri einræðisherra. Ákærði kvaðst hafa brugðist við þessum orðum með því að setja flatan

lófa sinn fyrir munn brotþola og jafnframt sagt henni að hætta að öskra. Ákærði sagði að þessi síðastgreinda atburðarás hafi gerst á svefnherbergisganginum.

Ákærði sagði að er hér var komið sögu hefði hann á ný farið inn í hjónaherbergið og lagst fyrir í hjónarúminu, en bar að brotþoli hefði þá elt hann, en hann þá enn á ný beðið hana um að koma sér út.

Af frásögn ákærða verður ráðið að eftir ofangreinda atburðarás hafi atgangur hans og brotþola aftur borist fram á svefnherbergisganginn, en að eftir það hafi brotþoli hlaupið inn í herbergi dóttur þeirra og farið þar upp í rúmið.

Ákærði staðhæfði að í þeirri orðræðu sem brotþoli viðhafði í greint sinn hefðu m.a. verið hótunarorð um að hringja til lögreglunnar, en af því tilefni kvaðst hann hafa spurst fyrir um í hvað tilgangi hún ætlaði að grípa til þeirra ráða, en jafnframt lagt að henni að fara einfaldlega út úr húsinu. Ákærði staðhæfði að þegar þetta gerðist hefði hann veitt því eftirtekt að sími brotabrotþola lá á skenk í ganginum. Hafi hann brugðið á það ráð að taka símann og fara með hann inn í eldhúsið, og nánar tiltekið sett hann við kaffikönnuna á eldhúseyjunni. Eftir á að hyggja kvaðst ákærði hafa hugleitt að það besta í stöðunni hefði reyndar verið að brotþoli hefði hringt í lögregluna, en á verknaðarstundu kvaðst hann einungis hafa haft vilja til þess að komast í rúmið og fara að sofa. Ákærði kvaðst því enn hafa beðið brotþola um að fara út, en hún sem fyrr ekki farið að þeirri ósk heldur hlaupið aftur inn ganginn og síðan inn í hjónaherbergið þar sem hún hefði stokkið upp í hjónarúmið, en þá um leið rekið sig á veggljósið yfir rúminu og lent á því: „... með öxlina, bakið eða hausinn og brýtur ljósið þar niður, og ég kem inn í herbergið og bið hana bara um að koma sér út. Það endar með því að hún fer aftur fram og ég leggst upp í rúm og ég bið hana bara um að klæða sig og koma sér út. Svo heyri ég að hún opnar skúffu fram á gangi.“ Kvaðst ákærði hafa áttað sig á því að brotþoli var á þeirri stundu að ná í síma sem dóttir hans átti í skúffunni. Hann lýsti atvikum eftir þetta nánar þannig: „... ég labbaði bara fram aftur en þá var hún komin fram á bað, stendur þar, og hurðin inn á bað, hún stóð bara hálfopin, ... og ég opna dyrnar, þá tekur hún og slær mig hressilega þá aftur með hægri hendi, hérna utan undir, og síminn var við hliðina á borðinu við baðvaskinn, og ég tók símann þar og bað hana bara um að koma sér út, og hún skorðaði sig aftur í hurðagættinni á baðinu með símann í vinstri hendinni, og ég ýti þá aðeins í hana og bið hana um að koma sér út og hún sleppir takinu og sest þarna aðeins á ganginn, á gólfið eða leggst þar niður. Ég labbaði fram í eldhús með þennan síma og setti hann á eldhúsbekkinn við hliðina á hinum og labbaði svo inn í herbergið, fram hjá henni og upp í rúm og leggst þar bara, og sný baki að hurðinni ... heyri svo að hún er eitthvað að brasa þarna og hún kemur svo inn í herbergið og ég var svona viðbúinn því að hún myndi koma í enn eitt skiptið og rjúka í mig bara, en ég var svo ekki að spá í það enda myrkur inni ... en ég heyri svo bara að hún labbar fram aftur og fram í þvottahús.“ Ákærði kvaðst hafa gefið því gaum að brotþoli hefði gefið sér tíma „til að reima á sig

skó og að klæða sig í jakka sem lá þar á gólfinu.“ En eftir þetta kvaðst ákærði hafa heyrt að brotaþoli lokaði þvottahúshurðinni og opnaði útihurðina á þvottahúsinu og fór út og lokaði hurðinni. Ákærði kvaðst hafa fundið fyrir vissum létti við brottför brotaþola, eða þar til að hann áttaði sig á því að hún hefði tekið kveikjuláslykla bifreiðar hans og ekið henni á brott frá heimilinu. Vegna þessa kvaðst ákærði hafa verið andvaka um stund. Var það ætlan ákærða að hann hefði fest svefn rétt fyrir klukkan 6.

5. Umræddan morgun kvaðst ákærði hafa vaknað við hringingu í síma brotaþola, en í framhaldi af því hefði hann séð að á skjánum var nafn þess karlmanns sem hann hafði spurt brotaþola um eftir að hún kom á heimili hans þá um nóttina. Ákærði bar að skömmu síðar hefði móðir brotaþola hringt til hans og bar að hún hefði síðan lagt leið sína til hans og þá í þeim tilgangi að sækja þau fót sem brotaþoli hafði skilið eftir, en einnig símann hennar. Ákærði staðhæfði að fót brotaþola hefðu verið órifin, en hann benti á í því samhengi að lögreglan hefði við rannsókn málsins aldrei komið á heimili hans til vettvangsrannsókna.

6. Ákærði staðhæfði að umræddur atburður hefði haft gríðarleg áhrif á hann, þ.e. að brotaþoli skyldi ráðast svona að honum. Ákærði kvaðst og hafa verið miður sín hvernig fór um samskipti þeirra þessa nótt. Vegna þessa kvaðst hann strax hafa leitað ráða hjá foreldrum sínum og systur, en í framhaldi af því leitað sér hjálpar hjá sálfræðingi og lækni og þá m.a. til þess að fá viðeigandi vottorð. Kvaðst ákærði hafa haft það í huga að hann ætlaði ekki að láta brotaþola komast upp með að eyðileggja mannorð hans. Ákærði sagði að í ljósi alls þessa yrði og að líta á efni þeirra netsamskipta sem farið hefðu á milli hans og brotaþola eftir umræddan atburð, og vísaði til þess að hann hefði m.a. lýst yfir eftirsjá varðandi það sem gerst hafði þeirra í millum.

7. Fyrir dómi var ákærði nánar spurður um þá áverka sem brotaþoli bar eftir lýst samskipti og þá í ljósi áðurrakinna læknisvottorða svo og þeirrar atburðarásar sem hann hefði sjálfur lýst. Ákærði svaraði því til að hann hefði ekki eiginlegar skýringar á áverkum hennar, en sagði: „Ekki nema, eins og ég segi, þegar hún er rjúkandi í mig, þessi manneskja er á hæð við mig og jafnvel stærrí, ... ég er um 180 cm og um 75 kg., og hún er örugglega um 180 cm og 65 kg. ... og ég tel mig alveg hafa krafta ... til að ráða við manneskjuna, en það var ekki það sem ég var að gera, og ætlaði mér aldrei að gera, en þegar manneskja hleypur stanslaust í þig, keyrir í þig, ýtir í þig, sparkar í þig, auðvita tek ég um hendurnar á henni. Eins og í eitt skiptið þá sparkar hún í lærið á mér og annað og þegar manneskja er að keyra sig í þig stanslaust, einhvers staðar ... kemur fólk saman og nuddast og skellur saman.“

8. Aðspurður neitaði ákærði einstökum atriðum í verknaðarlýsingu ákæruskjals, þ. á m. að því er varðaði lýsta áverka brotaþola.

Nánar aðspurður áréttaði ákærði að hann hefði í nefndri atburðarás í tvígang ýtt brotaþola út úr hjónaberberginu og enn fremur hefði hann í eitt skipti ýtt henni út úr baðherberginu. Ákærði benti á, þó svo að það atriði væri í raun ekki á meðal ákæruatriða, að engin ummerki um hárlós brotaþola hefðu verið á heimili hans eftir brottför hennar. Þá lét ákærði þá skoðun í ljós að þær ljósmyndir sem brotaþoli hefði framvísað til lögreglu hefðu ekki að öllu leyti verið alveg nýjar og þá ekki heldur skýrar. Þá kvaðst hann ætla að á þessum myndum væri einungis að sjá roða á húð brotaþola en ekki marbletti. Auk þessa áréttaði ákærði það sem hann hafði áður sagt við rannsókn lögreglu, þ.e. að brotaþoli hefði verið gjörn á að fá marbletti á læri og hendur og staðhæfði að í raun hefði hún á stundum öll verið útsteyppt í slíkum ummerkjum og þá án skýringa. Þá kvaðst hann minnast tilviks þegar brotaþoli hefði rifbeinsbrotnað við hóstakast.

Fyrir dómi neitaði ákærði alfarið ásökunum brotaþola um líkamlegt og andlegt ofbeldi á meðan á sambúð þeirra stóð og áréttaði fyrri orð um að því hefði í raun verið öfugt farið, og hann af þeim sökum á stundum þurft að flýja af heimili þeirra, og greindi hann frá einstökum dæmum þar um. Ákærði staðhæfði að brotaþoli hefði einmitt sýnt slíka framkomu umrædda nótt, enda hefði það verið hún sem hefði ráðist á hann. Hann hefði aðeins brugðist við og þá til varnar. Og vegna nefndrar háttsemi hennar hafi hann fengið þá áverka sem fram komi í áðurröktu læknisvottorði. Ákærði kvaðst þó ekki hafa litið á sig sem fórnarlamb, en þar um vísaði hann til marglýstrar atburðarásar og þar á meðal að hún hafi fyrst hafist þegar hann hefði beðið brotaþola um að yfirgefa húsakynni hans, en hún brugðist við með því að rjúka í hann, en hann reynt að stöðva atgang hennar í þrí- eða fjórgang á milli þess sem hann hefði farið aftur upp í hjónarúmið.

Ákærði staðhæfði enn fremur að í margnefndum atgangi hefði hann í raun aldrei rifið síma úr höndum brotaþola og þá ekki þegar hún hafi verið að reyna að hringja eftir aðstoð. Ákærði áréttaði á hinn bóginn þá frásögn sína, að hann hefði tekið tvo síma til handargagns, enda hefði hann verið eigandi þeirra og þeir legið á borði og hann því á verknaðarstundu talið sig vera í fullum rétti. Ákærði áréttaði og þær hugleiðingar, að eftir á að hyggja hefðu þessi viðbrögð hans verið misráðin og gerð í hugsunarleysi og þar á meðal er hann hefði einnig fært síma brotaþola fram í eldhúsið. Ákærði staðhæfði að hann hefði þó í raun aldrei bannað brotaþola að hringja til lögreglunnar, einungis innt hana eftir tilefninu, jafnframt því sem hann hefði beðið hana um að yfirgefa húsakynnin. Ákærði staðhæfði að brotaþoli hefði í greint sinn haft alla möguleika á því að yfirgefa vettvang. Vísaði ákærði til þess að fjórar úthurðir væru á íbúðarhúsi hans, sem allar hefðu verið opnanlegar innan frá, auk þess sem hann hefði í þrígang lagst fyrir í hjónarúminu á meðan á dvöl hennar stóð. Þá andmælti ákærði þeim framburði brotaþola að ekki hafi verið hægt að læsa baðherbergishurðinni, enda hefði lykillinn verið í skránni.

9. Ákærði lét þá skoðun í ljós að skýringin á hinum röngu ásökunum brotþola í hans garð hefði upphaflega komið til vegna ölvunarástands og geðshræringar hennar, en einnig eftir atvikum sökum þess að hún hefði verið komin í einhvern vítahring með lygar sínar gagnvart vinum sínum. Þar um vísaði ákærði til þess að hún hafi haldið sambandi þeirra eftir sambúðarslitin leyndu, en einnig sökum þess að hún hafi eftir atvikum verið komin í samskipti við annan karlmann. Vegna þessa alls kvaðst hann ætla að brotþoli hefði misst stjórn á skapi sínu og því hefði nefnd atburðarás hafist.

Það var ætlan ákærða að brotþoli hefði hafst við í húsakynnum hans margnefnda nótt í um 45 mínútur, þ.e. á tímabilinu frá 04:15 til 05:00.

10. Ákærði greindi frá því að búskiptum hans og brotþola hefði um síðir lokið og þá með nokkurri eingreiðslu hans til hennar, og bar að það hefði hann gert samkvæmt ráðum lögmannna þeirra beggja. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við hræðslu brotþola gagnvart honum eftir nefndan atburð, en bar að samskipti þeirra færu nú helst fram með sms-skilaboðum og þá um málefni dóttur þeirra.

11. Fyrir dómi lýsti brotþoli fimm ára sambúð sinni með ákærða, á árunum 2011 til 2016, sem mjög stormasamri. Hún áréttaði að því leyti fyrri frásögn sína hjá lögreglu um ofbeldishegðan ákærða, sem að lokum hefði leitt til þess að hún hefði ákveðið að slíta sambúðinni fyrri hluta árs 2016. Þá andmælti brotþoli í öllum aðalatriðum frásögn ákærða og þar á meðal lýsingum hans um skapgerðarþresti hennar.

Brotþoli staðhæfði að samskipti hennar við ákærða eftir sambúðarslitin hefðu í aðalatriðum verið erfið. Hún bar að m.a. hefði verið ágreiningur með þeim um búskiptin, en einnig um umgengni ákærða við unga dóttur þeirra, sem þau hefðu sameiginlega forsjá yfir. Kvaðst hún hafa litið á þessa háttsemi ákærða sem andlegt ofbeldi, enda hefði hann m.a. verið með hótanir um að greina ranglega frá því að hún viðhefði umgengnistálmanir. Hún kvaðst þrátt fyrir þessa hegðan ákærða hafa reynt að halda samskiptunum góðum og bar að sú viðleitni hennar hefði gengið svo langt að hún hefði um tíma hugleitt að láta reyna á sambúðina að nýju. Hún kvaðst þannig hafa verið í talsverðum samskiptum við ákærða, sem á köflum hefðu verið mjög nán. Á þessu tímabili kvaðst brotþoli og hafa verið í fullu starfi og því fjárhagslega sjálfstæð.

12. Brotþoli skýrði frá því að sunnudaginn 31. júlí 2016 hefði hún og ákærði sem oftast ákveðið að hittast og verja deginum saman ásamt dóttur þeirra, og þá m.a. með því að fara saman í bíltúr til nágrennsveitarfélags. Hún kvað samskiptin þennan dag ekki að öllu leyti hafa gengið vel og þau m.a. átt í deilum. Hún kvaðst líkt og svo oft áður við slíkar aðstæður hafa hræðst ákærða. Engu að síður hefðu þau verið saman allan daginn,

en að enn fremur hefðu þau ákveðið að hittast á ný um kvöldið eða nóttina, en þá fyrst eftir að hún hefði farið á tónleika með vinkonum sínum. Hún kvaðst innst inni ekki alveg hafa verið sátt við þessa ákvörðun sína, en þó tekið hana sjálfviljug og þá sökum þess að hún hefði haft vilja til þess að halda ákærða góðum og þá þannig að þau gætu átt góða stund saman.

Brotapoli sagði ofangreind áform í raun hafa gengið eftir, en bar að hún hefði þó eftir að tónleikunum var lokið aðfaranótt mánudagsins 1. ágúst aðeins litið við á nálægum veitingastað. Hún kvaðst ekki hafa greint vinkonunum frá fyrirhugaðri heimsókn sinni til ákærða þessa nótt. Þá kvaðst hún ekki hafa fundið til áfengisáhrifa þegar hún lagði leið sína í leigubifreið að heimili ákærða, að hún ætlaði á milli kl. 2:00 og 3:00. Brotapoli staðfesti fyrir dómi áðurrakin símaskilaboð til ákærða nefnda nótt og leiðrétti að því leyti frásögn sína um að hún hefði lagt leið sína til hans fyrir kl. 3:12, en ætlaði jafnframt að það hefði hún gert fyrir kl. 4:00.

Brotapoli skýrði frá því að þegar hún hafi komið inn á heimili ákærða hefði hann verið í rúminu í svefnherberginu og bar að þar hefðu þau tekið tal saman. Hún staðhæfði að ákærði hefði þá strax, líkt og svo oft áður, verið með ásakanir um að hún hefði verið í slagtogi með einhverjum karlmönnum á fyrrnefndum tónleikum. Hún kvað þetta ekki hafa átt við rök að styðjast, en bar að ákærði hefði ekki lagt trúnað á þau orð hennar. Vegna þessa kvaðst hún hafa haft orð á því við ákærða að samskiptin væru ekki að ganga vel og í framhaldi af því tilkynnt að hún ætlað að fara til síns heima. Brotapoli sagði að þessum orðum sögðum hefði ákærði risið úr rekkju, en sagði síðan um framhaldið: „... og svona ýtir einhvern vegin í öxlina á mér og segir að við eigum að tala saman og að ég eigi ekki að fara. Svo tekur hann um báðar axlirnar og ýtir mér upp við vegginn.“ Brotapoli kvaðst helst minna að ákærði hefði verið í buxum þegar þetta gerðist, og sjálf hafi hún þá verið í öllum fötunum sínum, enda skammt um liðið frá því að hún kom inn á heimilið.

13. Nánar aðspurð fyrir dómi kvaðst brotapoli eiga erfitt með að greina í smáatriðum frá því sem á eftir gerðist, en hún lýsti athæfi og áframhaldandi ofbeldi ákærða þannig: „Hann beitti mig harkalegu ofbeldi þessa nótt og hann m.a. hélt andlitinu á mér ofan í dýnuna þannig að ég átti erfitt með að ná andanum, hann reif ítrekað í hárið á mér þannig að ég fann verulega til í öllum hársverðinum, hann náði lokk úr hárinu, hann reif í kjálkann á mér, snýr upp á kinnarnar ... hann slær mig með flötum lófa í andlit og bak. ... Hann náttúruleg ítrekað ... ýtir höfðinu, í eitt skiptið ýtti hann því ofan í gólfið ... og oftast en einu sinni ... ofan í rúmið og hann rífur ítrekað í hárið.“

14. Brotapoli staðhæfði að ákærði hefði ráðist á hana með ofangreindum hætti í hjónaherberginu, en einnig á ganginum þar fyrir framan og sagði að þar hefði hann enn

fremur sparkað í hana þar sem hún hafi legið á gólfinu og sagði þar um: „Hann slær með flötum lófa á bakið þar líka ... ég lamdi hann líka til baka, en ég skal alveg viðurkenna það fúslega, að hefði ég ekki beitt einhverri sjálfsvörn þá veit ég ekki hvernig þetta hefði endað. Og eins þegar hann hélt mér ofan í rúminu þá veit ég alveg að ég klóraði hann af því ég hefði ekkert losað mig öðruvísi, ... ég er að ýta honum frá mér eða slá honum frá mér eða klóra hann frá mér og ég vil meina að þetta sé allt í sjálfsvörn ... ég var ekki að beita ofbeldi að fyrra bragði, ég var að koma mér út úr aðstæðum sem ég hafði aldrei yfirhöndina á, hann hafði stjórn allan tímann ... ég geri mér grein fyrir að frásögn hans er önnur.“ Og nánar aðspurð staðfesti brotaþoli það sem haft hafði verið eftir henni við lögregluþingræðu um orðahnippingar í upphafi samskipta þeirra umrædda nótt, en hún áréttaði jafnframt að það hefði verið ákærði sem hefði í upphafi ráðist að henni. Og aðspurð kvaðst brotaþoli ekki reka minni til þess að veggjós í hjónherbergi ákærða hefði brotnað þessa nótt.

15. Brotaþoli staðhæfði að í samskiptum sínum við ákærða umrædda nótt hefðu komið tímabil þar sem þau hafi ætlað að gera gott úr hlutunum og þá með því að reyna að róa aðstæðurnar „... og við myndum kannski gera eitthvað saman, þannig að ég var komin úr hluta af fötunum ... en það varði bara stutt. Við gátum ekki farið að gera eitthvað í þessum aðstæðum og í þessum ham.“ Við nefndar aðstæður kvaðst brotaþoli í raun hafa hugleitt að eiga kynlíf með ákærða, en minntist þess ekki aðspurð hvar hún hefði þá lagt eigin föt frá sér.

16. Brotaþoli sagði að eitt það versta sem ákærði hefði gert henni þessa nótt hefði verið þegar hann hefði neitað að hleypa henni út úr húsinu, en jafnframt þegar hann hefði bannað henni að hringja og í framhaldi af því tekið af henni símann og þá með þeim orðum að þau þyrftu að ræða saman þrátt fyrir að hún væri því andvíg. Vegna þessa kvaðst brotaþoli hafa brugðið á það ráð að taka gamlan síma sem dóttir þeirra geymdi í tilekinni skúffu, en í framhaldi af því hefði hún hlaupið með símann inn á baðherbergið og þá með þeirri ætlan að hringja á neyðarlínuna. Hún kvaðst hafa lokað að sér, en ekki getað læst hurðinni þar sem búið hafi verið að taka lykilinn úr skránni. Hún sagði að ákærði hefði ruðst inn í baðherbergið á eftir henni og tekið símann úr höndum hennar áður en hún náði að hringja.

Brotaþoli kvaðst ekki hafa treyst sér til að hlaupa út úr húsinu klæðlítill í greint sinn og þá m.a. ekki um útihurðina á baðherberginu.

17. Brotaþoli staðhæfði að meðan á nefndri atburðarás stóð hefði ákærði smánað hana með orðum og m.a. kallað til hennar að hún væri ógeðsleg og einskis virði, að hún væri hóra og viðbjóðsleg og staðhæfði að hann hefði almennt gert lítið úr henni. Auk þessa kvað hún ákærða hafa tekið fötin hennar og falið þau.

18. Brotapoli greindi frá því að hún hefði gripið tækifærið þegar ákærði hefði á einhverjum tímapunkti farið inn í hjónaherbergið og þá fylgt á eftir honum og sagði: „Ég labba á eftir honum inn í það herbergi og tek buxur af honum, íþróttabuxur, og bol og fer í, hleyp fram þar sem ég veit að bíllykill er og ég kemst inn í bílinn og ég keyri beint, strax í næstu götu, til vinfólks míns ... þetta er mjög stutt leið. Ég var bara hrædd um að ef ég mundi fara gangandi þá myndi hann ná mér. Ég sá ekkert annað í stöðunni ... ég var í rauninni, ég vil segja haldið nauðugri þarna inni.“ Brotapoli bar og að þegar hún átti í ofangreindum samskiptum við ákærða hefði verið dimmt í íbúðarhúsi hans.

Brotapoli kvaðst hafa fylgt ráðum nefnds vinfólks og því farið umræddan morgun á lögreglustöðina, en hún kvaðst er það gerðist hafa verið í „gríðarlegu ójafnvægi.“ Hún sagði að ætlan hennar með þessari för hefði í fyrstu verið að fá aðstoð lögreglunnar til þess að endurheimta fyrrnefndar eigur sínar í íbúð ákærða, þ.e. símann og fötin. Í framhaldi af þessari för kvaðst hún hins vegar hafa farið á bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri, en að lokum afráðið að kæra ákærða.

19. Um áverka sína vísaði brotapolí til áðurnefndra gagna, en hún kvaðst hafa verið með verki um allan líkamann, en þá ekki síst í bakinu og í rifbeinunum. Að auki hefði hún kennt til í hársverðinum og verið með yfirþyrmandi höfuðverk. Vegna þess síðastnefnda kvaðst hún hafa verið lögð inn á sjúkrahúsið, en sagði að vegna aðstæðna hefði hún tekið ákvörðun um að fara þaðan síðar um daginn, enda hefði þá verið búið að fylgjast með henni um tíma. Hún kvaðst næstu dagana á eftir hafa verið með stöðugan verk í rifbeinunum og af þeim sökum hefði hún tekið ákvörðun um að leita til bráðamóttökunnar á ný, þann 3. ágúst nefnt ár. Eftir skoðun kvaðst hún hafa fengið þann úrskurð læknis, að hún væri klínískt rifbrotin þó svo að það hefði ekki komið fram á myndum. Að þessu leyti vísaði brotapolí til áðurrakinnna læknisvottorða, en einnig fyrrnefndra ljósmynda sem teknar hefðu verið af henni á slysadeildinni, sbr. dskj. 4.V.3/2-3, og annarra þeirra gagna sem hún hefði lagt fram hjá lögreglu. Nánar aðspurð kvaðst brotapolí hafa rifbrotnað á árinu 2014, en staðhæfði að það hefði gerst vegna króníksks hósta í margar vikur.

Brotapoli staðhæfi að hún hefði fengið alla fyrrnefnda áverka sína af völdum ákærða umrædda nótt, og sagði að vegna þeirra og ástands síns hefði hún haldið kyrru fyrir á heimili sínu í nokkra daga. Hún sagði að hin líkamlegu áverkamerki hefðu verið horfin í lok ágústmánaðar nefnt ár, en hún verið miður sín vegna athæfis ákærða og staðhæfði að háttsemi hans hefði haft gríðarleg áhrif á hana. Vegna þess hafi hún á síðari stigum þurft að leita sér sálfræðiaðstoðar, en að auki hafi hún hafið töku kvíðalyfja.

Brotapoli staðhæfði að lokum að þeir áverkar sem hún hlaut af völdum ákærða í greint sinn hefðu verið alls óskyldir þeim marblettum sem hún hafði fengið um tveimur árum fyrr af óþekktum ástæðum.

20. Vitnið C kvaðst ásamt konu sinni, vitninu G, hafa verið tengt brotþola vináttuböndum um árabíl þegar atvik máls gerðust á árinu 2016. Vitnið skýrði frá því að þau hjónin hefðu vaknað á heimili sínu, ..., aðfaranótt 1. ágúst nefnt ár þegar hamast hafi verið á svalahurðinni og bar að þar hefði þá verið komin brotþoli. Vitnið sagði að brotþoli hefði í raun ruðst inn þegar hurðinni var lokið upp og bar að hún hefði þá sífellt haft á orði: „Sjáðu hvað hann gerði við andlitið á mér.“ Vitnið sagði að brotþoli hefði litið út „eins og eitthvað hefði gengið á ...andlitið var með áverkum ... allt andlitið með einhvers konar roða og tjóni og svona tætt á litið, og svo vantaði hár þegar hún velti einhverjum lokkum við á hausnum, kannski var hún að þreifa fyrir kúlu ... síðan man ég eftir að hún sýndi okkur sár á, minnsta kosti sár á sköflungi muni ég rétt, alla vega öðrum megin og handarfar á síðu eða baki.“ Vitnið kvaðst aldrei hafa verið í vafa þegar brotþoli hefði haft á orði að „hann“ hefði átt hlut að máli, og að þar hefði hún átt við ákærða í máli þessu, enda veitt því eftirtekt að hún hafði komið að heimilinu á bifreið hans.

Vitnið skýrði frá því að brotþoli hefði í upphafi haft á orði að hana vanhagaði um eigur sínar á heimili ákærða og sagði að það hefði í raun verið ástæða þess að hann ók henni á lögreglustöðina þennan morgun, þ.e. til þess að fá liðsinni lögreglumanna. Vitnið kvaðst síðan hafa ekið brotþola á Sjúkrahúsið á Akureyri, að beiðni lögreglu.

21. Vitnið G lýsti atvikum máls í aðalatriðum með sama hætti og síðastgreinda vitnið. Vitnið bar að þau hjónin hefðu er atvik gerðust haldið heimili í nálægri götu við einbýlishús ákærða, í ... .

Vitnið sagði að brotþoli hefði komið á heimili þeirra hjóna umrædda nótt á milli klukkan 5 og 6 og sagði að þá strax hefði hún haft orð á áverkum sínum í andliti, og sagði um það nánar: „Og það sá alveg á andlitinu á henni, það var svona sem ég sá fyrst ... þennan morgun, það var eiginlega eini parturinn af henni sem maður sá þá ... ég sá að hún var bara marín eða svona, þetta var nú kannski ekki alveg orðið dökkfjólublátt, en hún var svona með áverka á kinn og það var svona smá sár á nefinu ef ég man rétt og svo var hún með kúlu á hausnum og hún sagði að hann hefði ... rífið í hárið á sér eitthvað svoleiðis.“ Vitnið kvaðst hafa fundið fyrir kúlu á höfði brotþola við þreifingu, en ekki veitt því eftirtekt að hún væri með hárlos eða skallablett.

Nánar aðspurt kvaðst vitnið fyrir þennan atburð hafa heyrt brotþola hafa á orði, þ.e. á meðan hún var enn í sambúðinni með ákærða, að henni liði ekki vel og sagði: „en ég vissi ekki af þessum tilteknu erfiðleikum ... af barsmíðum fyrr en þarna.“ Vitnið kvaðst heldur ekki hafa séð merki um slíka háttsemi, en þó haft um það grunsemdir og

því í eitt skipti spurst fyrir um það. Vitnið bar að það hefði gerst eftir að brotþoli var farin úr sambúðinni og sagði: „... og þá viðurkenndi hún það, en ekki, ... bara lítið vægt brot sko, eitthvað sem hún gerði lítið úr sko. Nei ég vissi ekki af neinu svona, staðfestu sko.“ Vitnið kvaðst ekki hafa haft vitneskju um að brotþoli og ákærði hefðu verið að hittast sumarið 2016, þ.e. eftir að sambúð þeirra lauk, fyrr á því ári.

22. Læknarnir D skurðlæknir og heimilislæknarnir H og I, sem rituðu áðurrakin vottorð, staðfestu þau fyrir dómi. Það gerðu einnig sálfræðingarnir F og E, svo og B, fyrrverandi lögreglumaður, og J rannsóknarlögreglumaður, og var þá jafnframt staðfest að vettvangsrannsókn lögreglu hafði ekki farið fram á heimili ákærða.

#### IV.

Niðurstaða.

1. Af framburði ákærða og brotþola við meðferð málsins liggur fyrir að kynni með þeim hófust á árinu 2011 og að þau hófu fljótlega sambúð í eignaríbúð ákærða, í ..., en þau eignast saman stúlkubarn á árinu 2012. Verður ráðið að þau hafi fljótlega eftir fæðingu stúlkunnar flust í einbýlishúsið að ... . Er þetta gerðist starfaði brotþoli sem ..., en ákærði var aftur á móti ... . Hafa þau gegnt þessum störfum um árabil, brotþoli sem ... en ákærði sem ... .

Samkvæmt gögnum voru hin síðastgreindu húsakynni heimili fjölskyldunnar um nokkurra ára skeið eða þar til brotþoli flutti af heimilinu um mánaðamótin febrúar/mars 2016. Er þetta gerðist var ákærði á sjó. Eftir sambúðarslitin bjó brotþoli sér heimili í leiguhúsnæði í ... ásamt dóttur sinni, sem þá var á fimmta aldursári.

Við meðferð málsins fyrir dómi, líkt og við skýrslugjafir hjá lögreglu, hafa ákærði og brotþoli borið nokkuð á sama veg og þá um að fimm ára sambúð þeirra hafi verið harla stormasöm. Að því leyti stendur þó staðhæfing gegn staðhæfingu. Hefur ákærði staðhæft að rót ósættisins hafi einkum stafað af skapgerðarbrestum brotþola. Brotþoli hefur aftur á móti staðhæft að undirrótin hafi verið ofbeldishegðan ákærða, á stundum líkamleg, en þó aðallega af andlegum toga.

Fyrir dómi hefur frásögn ákærða og brotþola verið á sama veg að því leyttinu að þau hafa bæði borið um að þrátt fyrir samvistarslitin í ársbyrjun 2016 og ágreining þeirra í millum hafi þau verið í nokkuð reglulegu sambandi. Þau hafi þannig haldið áfram að hittast og á stundum haft nán kynni og þá ýmist á heimili ákærða, í ..., ellegar í fyrrnefndri leiguíbúð brotþola. Af skýrslum þeirra verður einnig ráðið að þau hafi hvort um sig verið með hugrenningar um að hefja sambúð að nýju.

Að áliti dómsins bera þau netsamskipti og skjáskot úr gsm-símum ákærða og brotþola, sem þau hafa efnislega staðfest, ofangreindum samskiptum allglöggvitni. Verður ráðið að samskipti þeirra hafi, a.m.k. á yfirborðinu, verið á hlýlegum og

vinsamlegum nótum, en einnig kærleiksrík, þ. á m. í maí og júní 2016. Að áliti dómsins virðist þetta ekki hvað síst hafa komið fram í þeim netsamskiptum sem gengu þeirra í millum um verslunarmannahelgina 2016, og varða mál þetta.

Fyrir liggur að ákærði og brotaþoli fóru saman í ökuferð, ásamt dóttur sinni, sunnudaginn 31. júlí nefnt ár, að brotaþoli fór á tónleika í miðbænum þá um kvöldið með vinkonum sínum, en að ákærði hafðist þá einsamall við á heimili sínu í ... . Er þetta gerðist hafði brotaþoli komið dótturinni fyrir í gæslu hjá móðurforeldrum. Þá lá og fyrir að hún og ákærði höfðu verið með ráðagerðir um að hittast og þá þannig að brotaþoli myndi koma að loknum tónleikunum um nóttina á heimili ákærða. Gekk það síðan eftir.

2. Í máli þessu er ákærða gefin að sök líkamsárás og ærumeiðing gagnvart brotaþola, eins og nánar er lýst í ákæru. Ákærði neitar refsiverðri sök, en jafnframt hafnar hann einkaréttarkröfu brotaþola.

Við aðalmeðferð málsins fór dómari á vettvang ásamt sakflytjendum og voru aðstæður skoðaðar á heimili ákærða, að ... .

Málsatvikum er m.a. lýst í I. og II. kafla hér að framan, en óumdeilt er að brotaþoli kom á heimili ákærða síðla nætur, eftir fyrrnefnda tónleika. Verður helst ráðið að það hafi verið um kl. 4. Liggur ekki annað fyrir en að brotaþoli hafi farið inn um ólæsta útihurð og eftir að inn var komið hafi hún lagt leið sína inn svefnherbergisganginn og síðan farið inn í hjónaherbergið þar sem ákærði hafði komið sér fyrir í hjónarúmi.

Óumdeilt er að ákærði og brotaþoli tóku tal saman við nefndar aðstæður. Þau eru hins vegar ein til frásagnar um það sem gerðist eftir að til orðahnippinganna kom þeirra í millum og stendur þar í aðalatriðum staðhæfing gegn staðhæfingu, að öðru leyti en því að ákærði hafi m.a. verið með orð og fyrirspurnir um í hvaða karlkyns félagsskap brotaþoli hefði verið þá um nóttina. Bæði hafa þau lýst því að í kjölfar þessarar orðræðu hafi komið til atgangs með þeim, en þau hafa og bæði lýst eigin aðgerðum sem varnarviðbrögðum í aðalatriðum. Þau eru á hinn bóginn sammála um að þessi atgangur hafi hafist í nefndu herbergi, en að auki hafi hann að einhverju leyti verið á herbergisganginum þar fyrir framan, og loks í baðherbergi þar við. Af framburði þeirra verður ráðið að rökkur eða dimmt hafi verið á vettvangi þegar þetta gerðist. Þá hafa þau bæði borið að í þessum samskiptum hafi verið höfð uppi gagnkvæm stóryrði.

Brotaþoli hefur fyrir dómi lýst háttsemi ákærða á þá leið að hann hafi í beinu framhaldi af hinum fyrstu samskiptum risið úr rekkju, en eftir það hafi hann ýtt í öxl hennar og síðan tekið um báðar axlirnar og fært hana upp að vegg og þá jafnframt bannað henni að fara út úr húsinu, líkt og hún hafi haft vilja til. Er þetta gerðist hafi hún verið í öllum fötum sínum. Þessu til viðbótar hafi hann m.a. tekið af henni símtæki.

Brotaþoli hefur staðhæft að hún hafi í kjölfar lýstrar háttsemi ákærða mátt þola ofbeldisverk af hans hálfu. Hann hafi þannig haldið um andlit hennar og þá m.a. þannig

að andlitið hafi verið fast við rúmdýnuna og hún af þeim sökum átt erfitt með andardrátt. Að auki hafi hann haldið andliti hennar við gólfið á ganginum. Einnig hafi hann ítrekað rifið í hárið, en við það hafi m.a. lokkur fallið af höfði hennar. Að auki hafi hann rifið í kjálka hennar og snúið upp á kinnarnar. Þessu til viðbótar hafi ákærði sparkað í bakið á henni svo og slegið með flötum lófa í andlit og bak hennar.

Um líkamlega áverka sem hlutust af þessari háttsemi ákærða hefur brotaþoli vísað til áðurrakinna áverkavottorða, en einnig ljósmynda. Þá hefur hún vísað til staðfesta sálfræðivottorða um þá áþján sem hún varð að glíma við vegna athæfis ákærða.

Brotaþoli hefur eins og áður hefur verið rakið staðhæft að hún hafi vegna athæfis ákærða brugðist við og þá til varnar, en hún hafi m.a. ýtt og slegið til ákærða, enn fremur hafi hún klórað hann og útskýrði hún áverka hans með þessum aðgerðum sínum.

Af frásögn brotaþola verður helst ráðið að stutt hlé hafi orðið á lýstri háttsemi ákærða og þá einnig andstöðu hennar og að þau hafi á því tímabili haft í hyggju að láta vel hvort að öðru, líkt og svo oft hafði gerst með þeim eftir sambúðarslitin, og þá með því að stunda kynlíf. Vegna þessa hafi hún því farið úr fötum sínum að hluta til.

Þessi síðastnefnda frásögn brotaþola þykir að nokkru hafa stoð í fyrrnefndum símaskilaboðum sem hún hafði sent ákærða fyrr um nóttina, kl. 3:12, a.m.k. hvað hana varðaði, en ákærði hefur staðhæft að hann hafi verið sofandi er boðin bárust honum. Óumdeilt er hins vegar að af þessum nánu samskiptum varð ekki í greint sinn.

Til þess er að líta að hin síðastgreinda frásögn brotaþola fyrir dómi er að þessu leyti ekki með sama sniði og t.d. það sem skráð var eftir henni í frumskýrslu lögreglu eða læknisvottorði. Þá er hún ekki í samræmi við frásögn ákærða. Í þessu samhengi verður að áliti dómsins ekki horft fram hjá því að samkvæmt framlögðum gögnum og enn fremur vætti vinafólks hennar, vitnanna C og G, var brotaþoli mjög miður sín skömmu eftir að hún fór af heimili ákærða, sem má ætla að hafi verið um kl. 5.

3. Ákærði hefur staðhæft að brotaþola hafi runnið í skap eftir að hann hafði innt hana um þann félagsskap sem hún hefði verið í þá um nóttina, og að hún hafi í beinu framhaldi slegið hann í höfuðið. Ákærði hefur jafnframt staðhæft að þegar þetta gerðist hafi brotaþoli verið á nærklæðunum einum fata og að þannig hafi verið ástatt þegar hann hefði margítrekað beðið hana um að yfirgefa heimilið. Hefur ákærði enn fremur staðhæft að brotaþoli hafi brugðist enn frekar við en með hinni fyrstu barsmíð, en hann hefur staðhæft að hún hafi verið með ítrekaðar ýtingar á líkama hans, auk þess sem hún hafi á ný slegið hann í andlitið, en að auki hafi hún sparkað í læri hans og kálfa. Hafi hún viðhaft þessa háttsemi samhliða því sem hann hafi margáréttað þá kröfu um að hún skyldi fara út af heimili hans. Ákærði hefur staðhæft að vegna þessarar háttsemi brotaþola hafi hann fengið þá áverka sem lýst er í áðurröktu áverkavottorði heimilislæknis, en því til viðbótar hafi hann verið andlega miður sín, sbr. staðfest vottorð sálfræðings þar um.

Ákærði hefur enn fremur borið að þegar atvik máls gerðust hafi brotaþoli verið með hrakyrði í hans garð, en hann þá svarað í sömu mynt.

Um lýst sakaratriði ákæru og áverka brotaþola hefur ákærði borið að þau hafi komið til vegna þeirra ítrekuðu varnarviðbragða sem hann hefði þurft að viðhafa í greint sinn og vísaði hann m.a. til þess að þau hafi við nefndar aðstæður stundum skollið saman. Jafnframt hefur ákærði staðhæft að í atgangi sínum inni á heimilinu hafi brotaþoli í eitt skiptið stokkið upp í hjónarúmið, en þá rekið sig í veggljós með líkama sínum, sem þá hafi brotnað niður, sbr. að því leyti ljósmynd sem hann hafði lagt fram við rannsókn málsins hjá lögreglu.

Eins og áður er fram komið hefur ákærði fyrir dómi játað að hafa við greindar aðstæður ýtt við brotaþola, þ. á m. í hjónaherberginu, en einnig eftir að hún hafði tvívegis skorðað sig fasta, annars vegar í hjónaherbergisgættinni og hins vegar í baðherbergisgættinni. Að auki hefur ákærði játað að hafa gripið fyrir munn brotaþola með flötum lófa, en þá í þeim tilgangi að stöðva öskur hennar.

4. Við úrlausn málsins verður auk ofangreinds misræmis, atvika máls, aðstæðna, svo og staðhæfinga ákærða og brotaþola, að líta til þess að samkvæmt 108. gr. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrðin um atvik, sem eru ákærða í óhag, hjá ákæruvaldinu.

5. Eins og áður er rakið liggja fyrir í málinu staðfest læknis- og sálfræðivottorð. Greina þau frá líkamlegum áverkum brotaþola, en einnig ákærða, sem eru allútbreiddir, en þó sýnu meiri á brotaþola. Verður lagt til grundvallar að þau hafi bæði fengið þessa áverka sína í lýstum samskiptum og atgangi.

6. Við rannsókn málsins hjá lögreglu fór ekki fram sérstök rannsókn í híbýlum ákærða í kjölfar komu brotaþola á lögreglustöð að morgni 1. ágúst 2016, og þá ekki í tilefni af kæru hennar skömmu síðar. Liggja því ekki fyrir nein gögn um möguleg ummerki á vettvangi eða önnur gögn, þ. á m. lífsýni, og er því aðeins um að ræða fyrrnefnda ljósmynd af veggljósi, sem ákærði hefur staðhæft að hafi brotnað vegna athæfis brotaþola.

Frásögn ákærða um atvik máls hefur að áliti dómsins verið harla stöðug, en auk þess er hún í allgóðu samræmi við framburð hans við rannsókn málsins hjá lögreglu, en einnig og önnur gögn. Hið sama má í aðalatriðum segja um frásögn brotaþola, en hún hefur þó lýst nokkru minnisleysi um einstök atriði í atburðarásinni umrædda nótt, en í þess stað lýst henni heildstætt.

7. Af því sem hér að framan hefur verið rakið verður að álit dómsins ekki á öðru byggt en að ákærði og brotþoli hafi, eftir óheppileg orðaskipti við upphaf samskipta þeirra síðla nætur, eftir að brotþoli hafði lagt leið sína á heimili ákærða, tekist á og átt í áflogum um nokkurt skeið. Þau greina hvort með sínum hætti frá því sem gerðist og ber mikið í milli, en bæði hafa þau þó vísað til eigin varnarviðbragða. Þannig hefur ákærði borið að hann hafi í þessum viðskiptum við brotþola ekki haft ásetning til að valda henni tjóni, og jafnframt hefur hann neitað einstökum sakaratriðum ákæru svo og hinni refsiverðu sök.

Í máli þessu eru brot ákærða talin varða við ákvæði 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt lagagreininni er refsiforsendan sú að háttsemin hafi verið unnin af ásetningi.

Þegar ofangreint er virt heildstætt er að álit dómsins nægjanlega sannað, þ. á m. með eigin frásögn ákærða, að hann hafi með því að taka á brotþola þar sem hún hafði skorðað sig fasta í hurðargættinni, annars vegar á hjónaherberginu og hins vegar á baðherberginu, en einnig með því taka um munnsvæði hennar, eins og áður er lýst, unnið sér til sakar samkvæmt nefndri lagagrein hegningarlaganna. Í því viðfangi verður ekki horft fram hjá skýrri og trúverðugri frásögn brotþola um að ákærði hafi við nefndar aðstæður ýtt og hrint henni, auk þess sem hann hafi slegið hana með flötum lófa í bak. Jafnframt hafi hann við nefndar aðstæður klippið hana í kinnar og snúið upp á, sbr. að því leyti hluta þeirra áverkamerkja sem greint er frá í fyrrnefndum læknisvottorðum. Að þessu virtu telur dómurinn og sannað að þannig hafi hluti þeirra áverka sem brotþoli var með komið til, þ.e. yfirborðsmar á andliti og á hægri kinn svo og mar og bólga yfir vinstri kjálka og kjálkalið, en einnig mar á öxlum og mjöðm, sbr. að því leyti þær ljósmyndir sem teknar voru á sjúkrahúsi og vætti þeirra vitna, sem fyrst hittu hana eftir að hún fór af heimili ákærða, ber einnig vott um.

Gegn einarðri neitun ákærða er að álit dómsins varhugavert að telja að ákæruvaldið hafi sannað með þeim gögnum sem fyrir liggja að ákærði hafi með saknæmum og ólögmætum hætti, líkt og aðstæður og atvikum máls þessa er háttað, rifið föt brotþola, hrint henni á gólfið, rifið í hár hennar, slegið í andlit eða haldið andliti hennar niðri í rúmdýnu eða valdið henni öðrum þeim áverkum sem lýst er í ákæru. Beri því að sýkna hann af þeirri háttsemi.

Gegn neitun ákærða hefur ákæruvaldið að álit dómsins ekki heldur sannað að ákærði hafi smánað brotþola í greint sinn með orðbragði og þá á þann hátt að í því hafi falist stórfelld ærumeiðing eins og áskilið er í 233. gr. b í almennum hegningarlögum. Beri því einnig að sýkna hann af þeirri háttsemi.

1. Ákærði, sem er fæddur árið ..., hefur samkvæmt vottorði Sakaskrár ríkisins ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi.

Ákærði hefur í máli þessu gerst sekur um líkamsárás. Við ákvörðun refsingar og þá til refsipýngingar ber að líta til 1. og 3. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Einnig og þá til málsbóta ber að hafa hliðsjón af 3. mgr. 218. gr. c í sömu lögum. Þá verður ekki litið fram hjá því að lögreglurannsókn, en einnig ákæru- og dómsmeðferð, hefur dregist án þess að ákærða verði þar kennt um, sbr. að því leyti ákvæði 3. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Að öllu ofangreindu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi. Fært þykir á hinn bóginn að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

2. Brotþoli hefur haft uppi bótakröfu í málinu á hendur ákærða að fjárhæð 1.500.000 krónur, og þá vegna miskabóta, auk vaxta og dráttarvaxta, eins og lýst er í ákæru. Krafan er dagsett 21. október 2016.

Jafnframt hefur brotþoli krafist greiðslu útlagðs kostnaðar vegna áverkavottorðs að fjárhæð 10.494 krónur, auk annars sérfræðikostnaðar og loks málskostnaðar að mati dómsins, eins og lýst var hér að framan.

Af hálfu bótakrefjanda er um lagarök helst vísað til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en einnig vaxtalaga. Fyrir dómi og við flutning rökstuddi lögmaður brotþola kröfugerðina enn frekar.

Ákærði krefst sýknu af fébótakröfunni, en til vara lækkunar hennar. Við flutning var af hálfu ákærða vísað um lækkun kröfunnar til eigin sakar þar sem brotþoli hafi átt upptökin að átökunum og a.m.k. sinn hlut í þeim.

Í máli þessu hefur ákærði verið sakfelldur fyrir líkamsárás og ber hann bótaábyrgð gagnvart brotþola vegna tjóns hennar, en að því leyti ber m.a. að horfa til áðurgreindra sérfræðigagna.

Á það má fallast, að rétt sé að lækka miskabæturnar til brotþola þar sem háttsemi hennar hafi í greint sinn ekki verið með öllu vítalaus. Þykir eftir atvikum rétt að dæma henni samkvæmt þessu miskabætur að fjárhæð 350.000 krónur með vöxtum, svo sem segir í dómsorði. Jafnframt verður fallist á kröfur hennar vegna útlagðs kostnaðar að fjárhæð 10.494 krónur og þá vegna öflunar læknisvottorðs, en einnig vegna vottorðs sálfræðings, en kröfur þessar eru studdar fullnægjandi gögnum.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða þann kostnað sem brotþoli hefur orðið fyrir við að halda kröfu sinni fram með aðstoð lögmanns síns, þ. á m. með málflytningi

fyrir dómi, eins og nánar greinir í dómsorði, sbr. ákvæði 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

3. Með hliðsjón af málsúrslitum, en einnig í ljósi þess að málið var endurflutt, svo og með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 verður ákærði dæmdur til að greiða hluta sakarkostnaðar, þar með talinn hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, ásamt útlögðum kostnaði hans eins og nánar greinir í dómsorði. Að öðru leyti greiðist þessi sakarkostnaður úr ríkissjóði, en við flutning var sakarkostnaður ákærvalds takmarkaður við 8.400 krónur og ber að dæma ákærða til að greiða þann kostnað, en fallið var frá sakarkostnaði að öðru leyti.

Af hálfu ákærvaldsins fór Eyþór Þorbergsson, fulltrúi lögreglustjóra, með málið.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við málinu samkvæmt bréfi dómstólasýslunnar þann 21. febrúar sl.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A miskabætur að fjárhæð 350.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. ágúst 2016 til 9. desember 2016, en síðan með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði hluta sakarkostnaðar máls þessa, að fjárhæð 524.225 krónur, en annar sakarkostnaður fellur á ríkissjóð, eins og hér að neðan greinir:

Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanns, við seinni meðferð málsins fyrir dómi, sem í heild ákvarðast 303.800 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá greiði ákærði helming ferðakostnaðar verjandans við nefnda meðferð, sem í heild ákvarðast 28.230 krónur. Þá skal ákærði greiða óskipt útlagðan sérfræðikostnað verjandans að fjárhæð 45.000 krónur og vegna annars útlagðs kostnaðar hans að fjárhæð 11.160 krónur.

Ákærði greiði þóknun réttargæslumanns brotaþola við seinni meðferð málsins fyrir dómi, að fjárhæð 173.600 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá greiði ákærði fyrir sérfræðivottorð að fjárhæð 120.000 krónur og loks fyrrnefndan sakarkostnað ákærvalds, 8.400 krónur.

Annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talinn sá hluti málsvarnarlauna hins skipaða verjanda ákærða, Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanns, við fyrri meðferð málsins fyrir dómi, 542.500 krónur, að meðtölum virðisaukaskatti og enn fremur

ferðakostnaður verjandans að fjárhæð 33.225 krónur og loks þóknun réttargæslumanns brotþola við nefnda meðferð málsins, 325.500 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ólafur Ólafsson